

Haukur Clausen sýnir á Kjarvalsstöðum

Í dag opnar Haukur Clausen málverkasýningu á Kjarvalsstöðum. Er þetta fyrsta sýning Hauks og verður hún opin til 13. des. Á sýningunni eru 105 ollu- og vatnslitamyndir, flestar af svæðinu frá Hornafirði til Snæfellsness.

— Við spurðum Hauk hve lengi hann hafi stundað listina?

— Blessaður vertu, ég hef verið að fitla við þetta frá því ég var krakki. En mínar fyrstu myndir eru ekki á þessari sýningu, enda kannski ekki lengur til. Sú elsta

hér er frá því ég var 18 ára, Baldursbráin. Heita mátti að ég málaði ekkert á tímabilinu frá 1958-1967. Hafði hreint ekki tíma til þess. Flestar eru þessar myndir málaðar eftir þann tíma. Eg er lengi með hverja mynd. Mála kannski svona 10-20 á ári.

— Ein er sú mynd á sýningunni, sem stíngur í stúf við allar aðrar, nefnist „Einu sinni var“, í abstraktstíl.

— Já, segir Haukur, — ég tók mig einu sinni til og málaði nokkrar abstraktmyndir. En

slikar myndir höfðu ekki til mín svo að ég hélt ekki áfram á þeirri braut. Það er fyrst og fremst landið sjálft, sem heillar mig, margbreytileg fegurð þess og hið hreina og tæra loft, sem leikur um þetta land.

— Hvar stundaðir þú þitt listnám, Haukur?

— Ef þú átt við það við hvaða skóla ég hafi numið þá er svarið: engan. Pabbi, (Arrebov Clausen), kenndi mér. Hann fékkst töluvert við að mála. Menn læra að teikna í skólum og viss undirstöðuatriði en hættan er sú, að verða of háður leiðbeinandanum. Eg vil vera alveg frjáls, mála það sem mér sýnist — eins og mér sýnist. Eg geri engar kröfur til þess að vera talinn listamaður. En þetta er mitt tómstundagaman og um leið skemmtilegasta viðfangsefni, sem ég get hugsað mér. —mhg

ÚTBOÐ

Rafmagnsveitur ríkisins óska eftir tilboðum í framleiðslu á forsteyptum undirstöðum og stagfestum ásamt flutningi á þeim til birgðastöðva. Verkið er hluti af byggingu 132 kV línu (svæði 1 og 2) frá tengivirki við Hóla í Hornafirði að tengivirki í Sigöldu (Suðurlína).


Verkhluti 1: Magn steypu 321 rúmm og járna 34 tonn.

Verkhluti 2: Magn steypu 317 rúmm og járna 33 tonn.

Útboðsgögn verða seld á skrifstofum Rafmagnsveita ríkisins, Laugavegi 118, Reykjavík, Hafnarbraut 27 Höfn Hornafirði, Fagradalsbraut Egilsstöðum og Austurvegi 4 Hvolsvelli frá og með þriðjudeginum 1. desember 1981 og kosta kr 100 hvert eintak.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Rafmagnsveitna ríkisins, Laugavegi 118, 105 Reykjavík fyrir kl. 14 föstudaginn 18. des. 1981 og verða þar opnuð. Tilboð sé í lokuðu umslagi merkt „RARÍK — 81027“.



ENDURBÆTT HÚSNÆÐI BETRI ÞJÓNUSTA LÍTIÐ VIÐ



Heimilið verður fallegra með

Vymura

veggfóðrinu viðurkennda



Dúkur frá



Yfir fjörutíu ára sérhæfing í sölu veggfóðurs og gólfduka tryggir viðskiptavinum vorum holl ráð og fullkomna þjónustu.

Úrval af munstrum, litum og tegundum auk allra nauðsynlegra verkfæra og áhalda til dúkklagninga.

VEGGFÓÐRARINN
Hverfisgötu 34 - Reykjavík

Sími 14484 - 13150

Úrval af
málningu
og
málningar-
vörum

Atvinna

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, Keldum óskar eftir að ráða starfsmann til mælinga. Æskilegt að umsækjendur hafi próf í líffræði eða hliðstæða menntun.

Íslenska málfræðifélagið

Aðalfundur Íslenska málfræðifélagsins verður haldinn í Arnagarði, stofu 423, mánudaginn 30. nóv. kl. 17.15.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

BÓKAKYNNINGAR Í NORRÆNA HÚSINU

Upplestur úr nýjum bókum frá Máli og menningu verður laugardaginn 28.11 kl. 15:00 í Norræna húsinu: Ingibjörg Haraldsdóttir, Ólafur Haukur Simonarson, Sigurður A. Magnússon, Vésteinn Lúðviksson, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorgeir Þorgeirsson. Einnig mun Böðvar Guðmundsson syngja lög af nýrri hljómplötu sinni.

Barnabókakynningin
verður sunnudaginn
29.11 kl. 15:00

Lesið verður úr barnabókum og sýndar litskyggjur. Höfundar, þýðendur og Þórhallur Sigurðsson, leikari, lesa.

Lesið verður úr bókum um Polla, Fýlupokana, Ronju ræningjadóttur, Maddit og Betu, Einar Áskel. o.fl. o.fl.

Allir velkomnir

Mál og menning

